

tillaga að verndar- og stjórnunaráætlun

fyrir Hverfjall (Hverfell)

Tillaga um verndar- og stjórnunaráætlun fyrir náttúruvættið Hverfjall (Hverfell) í Mývatnssveit var auglýst á vefsíðu Umhverfisstofnunar (umhverfisstofnun.is) mánudaginn 4. nóvember. Þar er auglýst og óskað er eftir athugasemdum.

Frestur til að skila athugasemdum er til og með 25. nóvember 2013 og skal þeim skilað í gegnum heimasíðu Umhverfisstofnunar. Nánari upplýsingar veitir Bergþóra Kristjánsdóttir starfsmaður umhverfisstofnunar í Mývatnssveit í síma 591-2000 eða ust@ust.is.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar, Skútustaðahrepps og Landeiganda hafa unnið að gerð tillögu að verndar- og stjórnunaráætlunarinnar undanfarin misseri.

Í áætluninni er fjallað um nauðsynlegar verndaraðgerðir, landvörslu og landnýtingu, s.s. aðgengi ferðamanna að svæðinu, stígagerð og uppbyggingu þjónustumannvirkja.

Til að tryggja að verndargildi svæðisins rýrni ekki er nauðsynlegt að byggja upp innviði þess og fræða gesti, bæði um þær umgengnisreglur sem þar gilda og svæðið sjálft, því þekking leiðir til virðingar og virðing til verndunar.



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn
Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

43. tbl. 5. árg. miðvikudaginn 6. nóv. 2013

Afmælisbörn dagana 7. nóv. — 13. nóv. 2013

8. Signý Stefánsdóttir.
9. Jóhanna Njálsdóttir.
10. Birgir Valdimar Hauksson.
12. Þórhallur Kristjánsson.
13. Hjördís Sigríður Albertsdóttir.

Smá leiðrétting og tilkynning.

Sameiginlegt aðventukvöld sóknanna 1. desember á fyrsta sunnudag í aðventu verður í Skútustaðakirkju kl. 20:00.

Sameiginleg hátíðarguðsþjónusta sóknanna á jólum verður í Reykjahlíðarkirkju á öðrum í jólum 26. desember kl. 13:30.

Bestu kveðjur
Örnólfur



Krakkar! krakkar!

Sunnudagaskóli verður í Reykjahlíðarkirkju
n.k. sunnudag 10. desember kl. 11:00.

Verið velkomin í stundina og takið mömmu og pabba með.
Sjáumst.
Sr. Örnólfur.



Bændur ath.



Skil á reikningum og gagnaskýrslum vegna fjallskila 2013 er 15. nóvember. Þeir sem sjá um viðhald hreppagirðinga skili reikningum fyrir 15. nóvember. Vinsamlega komið þessum upplýsingum til skrifstofu Skútustaðahrepps fyrir þann tíma.

Sveitarstjóri.

Afmæli Reykjahlíðarskóla.

Í tilefni af 20 ára afmæli Reykjahlíðarskóla verður afmælisboð sunnudaginn 24. nóvember 2013.

Nánar auglýst síðar en endilega takið daginn frá.

Nefndin.



Þingeyskt og þjóðlegt stendur fyrir þremur námskeiðum



Jurtalitunarnámskeið í Mývatnssveit 11. og 12. nóvember. Námskeiðið hefst kl. 17:00 báða dagana (6 tímar) Farið í grunninn á jurtalitun, helstu aðferðir kenndar og efnistöð. Verð á félagsmenn kr. 5.000 + efniskostnaður, verð fyrir aðra kr. 12.000. Leiðbeinandi: Kristlaug Pálsdóttir.

Útskurðarnámskeið í Kiðagili í Bárðardal 15. -17. nóvember. Námskeiðið hefst kl. 15:00 á föstudag. (12 tímar) Verð fyrir félagsmenn kr. 8.000 + efni, matur á námskeiðstíma innifalinn. Verð fyrir utanfélagsmenn kr. 17.000 + efni, matur á námskeiðstíma innifalinn. Fyrir byrjendur og lengra komna. Helstu aðferðir útskurðar kenndar. Leiðbeinandi: Jón Hólmgeirsson.

Silfusmíðanámskeið í Kiðagili í Bárðardal 17. nóvember. Námskeiðið hefst kl. 11:00 (6 tímar) Þátttakendur læra grunninn í silfursmíði, notkun helstu verkfæra og gerð víravirkis. Námskeiðið er grunnnámskeið. Leiðbeinandi: Gunnar Brynjarsson.

Frekari upplýsingar gefur Guðrún í síma 895-4742 eða kidagil@thingeyjarsveit.is

Meningarráð Eyþings auglýsir stofn- og rekstrarstyrki til menningarmála (styrkir sem Alþingi veitti áður)



Meningarráð Eyþings auglýsir nú í þriðja sinn eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki á grundvelli viðauka menningarsamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis við Eyþing.

Tilgangur styrkjanna er að efla starfsemi á sviði lista, safna og menningararfs. Styrkirnir miðast við starfsemi árið 2014.

Við úthlutun ársins 2014 hefur menningarráð ákveðið að líta frekar til þeirra umsækjenda sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

Stuðla að því að efla menningarstarfsemi á sviði lista, safna- og menningararfs
Stuðla að nýsköpun í menningarstarfsemi
Styðja við menningarstarfsemi sem fjölgar atvinnutækifærum á svæðinu

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Eyþings á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Eyþings www.eything.is eða hjá menningarfulltrúa Eyþings, Strandgötu 29, 3. hæð. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur menningarráðs vegna stofn- og rekstrarstyrkja á heimasíðu Eyþings www.eything.is

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2013. Úthlutun verður í febrúar með fyrirvara um samþykki alþingis.

Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi í síma 464 9935 og 862 2277 eða á netfangið menning@eything.is

Meningarráð Eyþings auglýsir viðveru menningarfulltrúa í sveitarfélögum í Eyþingi vegna úthlutunar á menningarstyrkjum og stofn- og rekstrarstyrkjum 2014. Viðtalstímar menningarfulltrúa verða sem hér segir:

Laugum	27. nóvember kl. 10:30 - 12	Skrifstofu Þingeyjarsveitar
Mývatnssveit	27. nóvember kl. 13 - 14	Skrifstofu Skútustaðahrepps
Húsavík	4. desember kl. 14 - 16	Menningarmiðstöð Þingeyinga ATH
Akureyri	5. og 6. desember kl. 13 - 16	Skrifstofu menningarfulltrúa, Strandgötu 29, 3. hæð

Viðtalstímar á öðrum tímum eftir samkomulagi.



Jólamarkaður – viltu taka þátt?

Jólamarkaðsdagar verða haldnir í Dimmuborgum
30. nóvember frá kl. 16:00 - 20.00 (utandyra/í tjaldi)
og í Jarðböðunum við Mývatn 14. desember frá kl. 12:00 - 18:00.

Leiga á borði kr. 4.500,-



Skráning og nánari upplýsingar hjá Mývatnsstofu, Guðrún Brynleifsd.

Sími: 464 4390 / 898 9820 eða sendið póst á guðrun@visitmyvatn.is

Markaðsdagarnir verða í tengslum við Aðventuhátíð
og jólabað Jólasveinanna í Dimmuborgum.
Mývatnssveit töfraland jólaanna.

Menningarráð Eyþings auglýsir til umsóknar verkefnastyrki til menningarstarfs á Norðausturlandi



Menningarráð Eyþings auglýsir eftir umsóknum um styrki á grundvelli samnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti við Eyþing. Tilgangur styrkjanna er að efla menningarstarfsemi og menningartengda ferðaþjónustu á Norðausturlandi.

Áherslur ársins 2014

- Verkefni sem hvetja til samstarfs einstaklinga, hópa, byggðarlaga eða listgreina. Sérstaklega er horft til verkefna sem eru samstarf þriggja eða fleiri aðila og tengja íbúa á Norðurlandi eystra
- Verkefni sem stuðla að samvinnu atvinnumanna í listum, listnema, og leikmanna
- Verkefni sem efla atvinnustarfsemi á sviði menningar, lista og menningartengdrar ferðaþjónustu/ferðaþjónustutengdrar menningar
- Verkefni sem fela í sér listsköpun fólks á aldrinum 18-25 ára
- Verkefni eða aðilar sem ekki hafa fengið stuðning menningarráðs áður
- Verkefni sem fela í sér samstarf við önnur lönd á sviðið menningar og lista

Umsóknarfrestur er til og með 12. desember 2013.+

Úthlutun fer fram í febrúar meðfyrirvara um samþykki alþingis.

Styrkþegar verða að hafa skilað inn greinargerð vegna fyrri verkefna til þess að geta sótt um vegna ársins 2014. Ein úthlutun verður á árinu 2014.

Verkefnum sem hljóta styrki þarf að vera lokið fyrir árslok 2014.

Umsóknum skal skilað til Menningarráðs Eyþings á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Eyþings www.eything.is eða hjá menningarfulltrúa Eyþings, Strandgötu 29, 3. hæð. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér úthlutunarreglur menningarráðs á heimasíðu Eyþings www.eything.is

Allar nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir menningarfulltrúi í síma 464 9935 og 862 2277 eða á netfangið menning@eything.is

FJÖLBRAGÐASÝNING HYMNODIU í Gamlabænum föstudagskvöldið 8. nóv. kl. 20:00.

Kórinn syngur, spilar á alls kyns skrýtin og skemmtileg hljóðfæri
og hefur uppi glens og grín.

Aðgangseyrir er kr. 1.500 – frítt fyrir 16 ára og yngri.
Barinn opin.

Hlökkum til að sjá ykkur
Hymnodia.



Frá Búnaðarsambandi Suður Þingeyinga



Bændagleði

Í janúar sl. héldum við Bændagleði í Kiðagili sem lukkaðist þrýðilega og höfum við ákveðið að gera það að hefð að koma saman gleðinnar vegna. Bændagleðin verður að þessu sinni haldin í Ljósveitingabúð laugardagskvöldið 23. nóvember. Húsið opnar kl 20:00 en dagskrá hefst kl. 20:30. Nánar auglýst síðar!

Bændafundur

Hrútaskráin kynnt og erindi frá Matvælastofnun.
Fyrirspurnir og spjall...
Tími og staður nánar auglýst síðar!

Súpufundur með Sindra

Sindri Sigurgeirs kemur og fundar með bændum í S - Þingeyjarsýslu 27. nóvember kl. 11 í Dalakofanum á Laugum. Ef menn hafa áhuga á að einhver sérstök málefni verði til umfjöllunar eru þeir vinsamlega beðnir um að hafa samband við stjórn sem fyrst. Nú sýnum við Þingeyingar frumkvæði og leggjum mál fyrir búnaðarþing.

Parft þú ekki að fara í frí?? Vantar þig afleysingu.
Guðjón Elías Hreinberg býður bændum upp á afleysingu, hann er vanur sveitastörfum og var m.a. ljósamaður á Stóra Ármóti í Árnessýslu. Síminn hans er 778 1296.
Er ekki nauðsynlegt að líta aðeins upp úr daglegu amstri!

Með góðum kveðjum. Stjórn BSSP.

Aðventan í Vogafjösi Mývatnssveit

Aðventuhlaðborð - Laugardaginn 30. nóvember kl. 19:00

Boðið verður upp á Mývetnskar krásir beint frá býli.
Verð pr. mann 8.300 kr. (7.800 kr. fyrir hópa, 10+)

Þjóðlegt jólasveinakaffihlaðborð - Laugardaginn 14. desember kl. 14:00-17:00

Borðin svigna undan kleinum, pönnukökum, vöfflum og öðru góðgæti.
Verð pr. mann 1.900 kr., 7-11 ára 950 kr., 4-6 ára 500 kr., 3 ára og yngri fá frítt

Aðventuárbitur - Sunnudaginn 15. desember kl. 11:00-14:00

Boðið verður upp á Mývetnskar krásir beint frá býli.
Verð pr. mann 3.500 kr., 7-11 ára 1.750 kr., 6 ára og yngri fá frítt

Frá og með föstudeginum 29. nóvember verðum við með sérstakan aðventumatseðil í boði.

Tillboð á gistingu með morgunverði.

Sveitabúðin er að sjálfsögðu opin og þar höfum við til sölu ýmsar heimagerðar afurðir beint frá bónda auk ýmis konar handverks til jólagjafa.

Opið alla daga frá 8:00-21:00.
Borðapantanir í síma 464-4303 eða
vogafjos@vogafjos.is



Vogafjós
Restaurant - Café
Guesthouse



Árshátíð Reykjahliðarskóla.

Hin árlega árshátíð Reykjahliðarskóla verður fimmtudaginn 14. nóvember og hefst kl. 19:30 í skólanum.

Nemendur flytja fjölbreytta skemmtidagskrá og að þessu sinni mun 9. og 10. bekkur sýna leikritið Mjallhvít og dvergarnir 7.

Í hléi verður boðið upp á kaffiveitingar.

Aðgangseyrir er kr. 2.500.- fyrir 16 ára og eldri, fyrir skemmtun og kaffi.

Hvetjum alla til að koma og eiga frábæra kvöldstund og styrkja börnin.
Allur ágóði rennur í ferðasjóð.

Nemendur og starfsfólk

ESB og Ísland Náið samstarf og landbúnaður

Guðla Einarsdóttir upplýsingafulltrúi Evrópustofu og Henrik Bendixen yfirmaður Evrópusviðs hjá sendinefnd ESB á Íslandi, verða með erindi um samband Íslands við ESB og landbúnaðarstefnu ESB á Breiðamýri þriðjudaginn 12. nóvember kl. 20:00.

Síðan verða umræður og fyrirspurnum svarað.
Kjörið tækifæri til að fræðast og fá svör milliliðalaust.

Allir velkomnir

Fundafélagið í Þingeyjarsveit



Ljósakrossar.

Eins og um síðustu jól mun Kiwanisklúbburinn Herðubreið setja upp ljósakrossa á leiði í Reykjahliðarkirkjugarði. Ljósakrossarnir verða settir upp á sömu leiði og um síðustu jól.

Þeir aðilar sem EKKI vilja nýta sér þessa þjónustu áfram vinsamlega látið vita fyrir 15. nóv. í síma 848 1378.

Eigum nokkrum krossum óráðstafað, pantanir í þá þurfa að berast sem fyrst, helst fyrir 15. nóv. til Jósa í síma 848 1378.

Leiga fyrir krossinn er kr. 3.000.-

Kveikt verður á krossunum 1. des. n.k.

Mínum á að við eigum eitthvað af ljósaperum til sölu hjá Bigga á Litluströnd, einnig litaðar perur.

Kiwanisklúbburinn Herðubreið.

